



Starfsreglur fyrir Endurskoðunarnefnd Landsbankans hf.

Reglur nr. 201406-3607-3 | Samþykkt útgáfa 18. júlí 2024 | Endurskoðun 2026 | Bankaráð

1 SKIPUN OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL BANKARÁÐS

Hlutverk undirnefnda bankaráðs Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er að aðstoða bankaráð við að sinna verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Bankaráð skipar undirnefndirnar og starfa þær í umboði þess. Undirnefndirnar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd bankans eða bankaráðs. Undirnefndirnar hafa ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald bankaráðs, daglegra stjórnenda bankans og nefnda innan bankans.

Endurskoðunarnefnd (hér eftir „nefndin“) er skipuð af bankaráði í þeim tilgangi að sinna þeim hlutverkum sem lýst er í starfsreglum þessum. Komi upp álitamál um hugsanlega skörun á verkefnum nefndarinnar við störf Áhættunefndar skulu formenn nefndanna upplýsa hvor annan um málefnið og ákveða hvor nefndin sinni viðkomandi verkefnum.

Umboð og verkefni nefndarinnar takmarkast við það sem tilgreint er í starfsreglum þessum. Þá gilda um nefndina ákvæði IX. Kafla A í lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Bankaráð skipar nefndina og skal hún skipuð þremur bankaráðsmönnum eða þremur bankaráðsmönnum og utanaðkomandi sérfræðingi. Sé nefndarmaður utanaðkomandi sérfræðingur skal hann tilnefndur af aðalfundi. Formaður bankaráðs, bankastjóri og aðrir daglegir stjórnendur skulu ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu vera óháðir ytri endurskoðanda Landsbankans og skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Við mat á því hvort nefndarmaður hafi viðeigandi þekkingu skal líta til eftirtalinna atriða: (a) þekkingar hans/hennar á settum reikningsskilareglum, (b) reynslu hans/hennar við gerð og greiningu reikningsskila og af endurskoðun, og (c) þekkingu hans/hennar á innra eftirliti með reikningsskilum.

Formaður nefndarinnar er tilnefndur af bankaráði. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Í fjarveru nefndarformanns skulu aðrir meðlimir nefndarinnar kjósa fundarstjóra úr eigin röðum. Formaður nefndarinnar leiðir nefndina og ber ábyrgð á að tryggja skilvirkni í öllum störfum hennar. Formaður skal einnig stuðla að því að allir nefndarmenn leggi sitt af mörkum.

Nefndin skal gera bankaráði reglulega grein fyrir störfum sínum, svo og þegar einstök mál koma til umræðu á bankaráðsfundi, hafi þau verið rædd í nefndinni. Nefndin skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín. Þá skal nefndin veita bankaráði ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í starfsreglum þessum.

Formaður nefndarinnar skal sækja aðalfund bankans og svara fyrirspurnum sem fram kunna að koma um störf nefndarinnar og hlutverk.

Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin hafa víðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum, Áhættustýringu, Regluvörslu og innri og ytri endurskoðendum og getur nefndin óskað eftir upplýsingum og greinargerðum er varða starfsemi hennar. Nefndin skal hafa beinan og óheftan aðgang að upplýsingum frá framkvæmdastjóra Áhættustýringar og regluverði. Stjórnendur bankans skulu leitast við að tryggja að viðeigandi og sem fyllstum upplýsingum um öll mál sem undir nefndina heyra sé komið til hennar án tafar.

Bankastjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, innri endurskoðandi og regluvörður skulu hafa beinan og óheftan aðgang að nefndinni, hvort sem er með formlegum eða óformlegum hætti.

Bankaráðsmenn skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar og öðrum fundargögnum í skjalandastjórnunarkerfi bankans tímanlega fyrir bankaráðsfundi og á milli þeirra. Slíkar upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er.

Nefndin gerir tillögur til bankaráðs um þau atriði á verksviði hennar sem krefjast ákvarðanatöku.

2 FUNDIR

Nefndin skal funda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega í tengslum við ársfjórðungsuppgjör og oftár eftir þörfum, m.t.t. endurskoðunar- og skýrslugjafaráætlunar bankans. Formaður nefndarinnar leggur fram fundaaætlun í lok árs þar sem fram koma áætlaðir fundir næsta árs og fundarefni.

Nefndin getur hist hvenær sem er án utanaðkomandi aðila, teljist það nauðsynlegt eða æskilegt.

Hver nefndarmaður, bankastjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, ytri endurskoðandi, innri endurskoðandi og regluvörður geta óskað eftir fundi ef þeir telja það nauðsynlegt.

Bankastjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, ytri endurskoðandi, innri endurskoðandi, framkvæmdastjóri Áhættustýringar og regluvörður geta hver um sig óskað eftir að eiga einslega fund með nefndinni. Þá getur nefndin óskað eftir að eiga einslega fund með þeim hverjum fyrir sig.

3 HLUTVERK

Hlutverk nefndarinnar eru eftirfarandi:

3.1 Reikningsskil (gerð ársreiknings, árshlutareiknings og samstæðureiknings):

- 3.1.1 Að hafa eftirlit með vinnuferli við reikningsskil og, ef við á, gera tillögu til breytinga á vinnuferlinu til að bæta áreiðanleika reikningsskilanna.
- 3.1.2 Að yfirfara stefnu bankans um reikningsskilaaðferðir.
- 3.1.3 Að yfirfara breytingar á reikningsskilaaðferðum og meta áhrif þeirra.
- 3.1.4 Að leggja mat á ákvarðanir sem byggja á huglægu mati og sem hafa umtalsverð áhrif á afkomu bankans.
- 3.1.5 Að yfirfara samkvæmni reikningsskila við reikningsskilastaðla, lög og reglur.
- 3.1.6 Að yfirfara forsendur á hverjum tíma fyrir rekstrarhæfi bankans.
- 3.1.7 Að yfirfara stöðu þýðingarmikilla dómsmála sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á afkomu bankans.

3.2. Innri endurskoðun:

- 3.2.1 Að yfirfara erindisbréf innri endurskoðanda og skilgreiningu á hlutverki Innri endurskoðunar, áður en bankaráð samþykkir erindisbréfið.
- 3.2.2 Að yfirfara árlega áætlun Innri endurskoðunar og leggja mat á hvort deildin hafi nægilegan mannafla og fjármuni til að sinna verkefnum sínum og vísar áætluninni til bankaráðs til samþykktar.
- 3.2.3 Að yfirfara skýrslur Innri endurskoðunar um m.a. virkni innra eftirlits, fyrirkomulag áhættustýringar og stjórnarhætti bankans. Óska eftir sérstökum athugunum eða viðbótarskýrslum ef nefndin telur það nauðsynlegt.
- 3.2.4 Að fylgjast með og meta viðbrögð stjórnenda við athugasemdum og tillögum Innri endurskoðunar.
- 3.2.5 Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi, hlutverki og virkni Innri endurskoðunar. Gera tillögu til bankaráðs um val á aðilum sem framkvæma ytra gæðamat á Innri endurskoðun.

- 3.2.6 Að aðstoða Starfskjaranefnd við gerð tillögu til bankaráðs um laun og starfskjör innri endurskoðanda.
- 3.2.7 Að yfirfara árlega frammistöðu innri endurskoðanda í starfi. Gera, eftir atvikum, tillögur til bankaráðs um ráðningu eða uppsögn innri endurskoðanda.

3.3 Ytri endurskoðun:

- 3.3.1 Að vera ráðgefandi fyrir bankaráð um tillögu til aðalfundar um tilnefningu ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis (hér eftir sameiginlega: „ytri endurskoðandi“).
- 3.3.2 Að yfirfara ráðningarbréf ytri endurskoðanda og leggja fram til samþykktar bankaráðs.
- 3.3.3 Að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings. Taka, eftir atvikum, tillit til athugasemda sem Fjármálaeftirlitið kann að gera þar að lútandi.
- 3.3.4 Að hafa eftirlit með störfum ytri endurskoðanda fyrir bankann. Óska árlega eftir skriflegri staðfestingu ytri endurskoðanda á óhæði hans gagnvart bankanum. Meta óhæði ytri endurskoðanda og ræða hugsanlegar ógnir við óhæðið og mögulegar verndarráðstafanir. Ytri endurskoðandi skal gera nefndinni grein fyrir störfum sínum og óhæði og geta, eftir atvikum, sérstaklega um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.
- 3.3.5 Að yfirfara skýrslur og greinargerðir ytri endurskoðanda til nefndarinnar, bankaráðs og eftirlitsaðila.
- 3.3.6 Að leggja árlega mat á frammistöðu ytri endurskoðanda.
- 3.3.7 Að meta hvort störf ytri endurskoðanda fyrir bankann, auk endurskoðunar og könnunar reikningsskila, séu viðeigandi.
- 3.3.8 Að hitta a.m.k. einu sinni á ári ytri endurskoðanda, án viðveru stjórnenda, til að ræða almennt um verkefni hans fyrir bankann.
- 3.3.9 Að yfirfara árlegan kostnað vegna starfa ytri endurskoðanda fyrir samstæðuna.

3.4 Innra eftirlit:

- 3.4.1 Að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.
- 3.4.2 Að fylgjast með fyrirkomulagi og virkni kerfa og ferla sem nýttir eru til áhættustjórnunar innan bankans (e. risk management systems).
- 3.4.3 Að yfirfara verklag bankans við að greina svik og skoða helstu niðurstöður innri rannsókna á veikleikum eftirlits, svikum eða misferli og viðbrögð stjórnenda.
- 3.4.4 Að upplýsa og vinna með Áhættunefnd að málefnum áhættustýringar, innra eftirlits og regluvörslu sem varða hlutverk og skyldur Áhættunefndar.
- 3.4.5 Að eiga minnst árlega einslega fund með framkvæmdastjóra Áhættustýringar, regluverði og innri endurskoðanda m.a. til að fara yfir áhættumenningu samstæðunnar og innra eftirlit.
- 3.4.6 Að fylgjast með að dótturfélög starfi í samræmi við viðurkennd viðmið um innri og ytri stjórnarhætti og eftir atvikum beina því til bankaráðs að óska eftir álitum innri endurskoðanda á eftirfylgni dótturfélaga með þeim viðmiðum.
- 3.4.7 Að gera bankaráði grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um áhættumenningu og innra eftirlit.

3.5 Úrbætur:

- 3.5.1 Að hafa eftirlit með að stjórnendur geri tímanlega nauðsynlegar úrbætur í samræmi við niðurstöður og ábendingar Innri endurskoðunar og ytri endurskoðanda.
- 3.5.2 Að yfirfara að annmarkar sem eftirlitsaðilar finna á starfi Innri endurskoðunar séu lagfærðir.

3.6 Stjórnarhættir:

- 3.6.1 Að yfirfara drög að stjórnarháttayfirlýsingu bankans.

3.7 Kvartanir og ábendingar:

- 3.7.1 Að yfirfara verklag við móttöku, vörslu og meðhöndlun kvartana sem bankinn fær vegna reikningsskila, innra eftirlits með reikningsskilum eða mál er varða endurskoðun.
- 3.7.2 Að yfirfara verklag við meðferð og úrvinnslu trúnaðarupplýsinga þar sem starfsfólk upplýsir í trúnaði og að viðhafðri nafnleynd um atriði sem kunna að tengjast ólögumætri eða óeðlilegri starfsemi innan bankans.

3.8 Fjárhagslegar upplýsingar, fjárhagsáætlun og sjálfbærniupplýsingar:

- 3.8.1 Að yfirfara fyrirkomulag fjárhagsupplýsinga frá stjórnendum og gera tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.
- 3.8.2 Að yfirfara fjárhagsáætlun bankans áður en hún er lögð fyrir bankaráð til samþykktar.
- 3.8.3 Að fjalla um birtingu og miðlun sjálfbærniupplýsinga.

Starfsreglur þessar taka gildi frá samþykkt þeirra á fundi bankaráðs Landsbankans hf. þann 18. júlí 2024 og koma í stað starfsreglna fyrir Endurskoðunarnefnd frá 8. desember 2022.